



Fjárhagsáætlun Garðabæjar árið 2024
Þriggja ára áætlun 2025-2027
Greinargerð



GARÐABÆR

Efnisyfirlit

Helstu atriði
áætlunar

Fjárhagsáætlun

Málaflokkayfirlit

Framkvæmdir



GARDABÆR



Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Svona er Garðabær

19.483

íbúar

1.414

Börn á leikskólaaldri (2018-2022)

2.554

Börn á grunnskólaaldri (2008-2017)

2.791

Eldri borgarar (67 ára og eldri)

Eldri borgarar

2791

Grunnskólabörn

2554

Leikskólabörn

1414



Fjárhagsáætlun Garðabæjar í hnotskurn

Aðhald til varnar sterkri stöðu

Garðabær stendur fyrir ábyrgan rekstur, framúrskarandi þjónustu og mikil lífsgæði íbúa.

Krefjandi rekstrarumhverfi ársins 2024 kallar á aðhald í rekstri þannig að verja megi traustan fjárhag, þjónustugæði og mikla getu til innviðaupbyggingar.



Hagræðing og ráðdeild

Í fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir 500 milljón króna hagræðing í rekstri bæjarins, sem nemur 2% af rekstrarútgjöldum. Hagræðingin stuðlar að áframhaldandi ábyrgum rekstri.

Álagningarhlutfall útsvars hækkar en verður áfram lágt, næst lægst á meðal stærri sveitarfélaga. Fasteignaskattar verða áfram þeir lægstu.



Skólahúsnaði í öndvegi

Framlög til endurbóta skólahúsnaðis verða áfram í forgangi auk mikillar uppbyggingar á nýjum skóla- og íþróttamannvirkjum.

Mikilvægar veituframkvæmdir verða einnig í deiglu. Dregið verður úr ýmsum öðrum framkvæmdum til að mæta aðhaldskröfum og hagræðingu.



Vaxandi og sterkt samfélag

Garðabær hefur vaxið hratt á undanförunum árum og er barnmargur í samanburði við flest önnur sveitarfélög af svipaðri stærð.

Þessu fylgir aukin þjónusta og innviða-uppbygging sem krefst mikils af bæjarsjóði.



Lifandi menningar- og mannlíf í miðbænum


Garðabær iðar af menningu og viðburðir eins og Jazzþorpið og Rökkvan hafa fest sig í sessi.

Áhersla er lögð á að búa upprennandi listafólki góðan jarðveg til vaxtar og festa miðbæ Garðabæjar að í sessi sem miðpunkt menningar.

Fjárhagsáætlun Garðabæjar í hnotskurn


Ábyrgur rekstur og uppbygging við krefjandi aðstæður

Rekstrarniðurstaða samstæðu, m.kr.



*Samkvæmt útkomuspá


Rekstrartekjur og -gjöld á hvern íbúa



*Samkvæmt útkomuspá


Skuldaviðmið

Skv. fjárhagsáætlun Garðabæjar 2024 og áætlunum sveitarfélaga 2024



Veltufé frá rekstri sem hlutfall af tekjum

Skv. fjárhagsáætlun Garðabæjar 2024 og áætlunum sveitarfélaga 2024



Rekstur og fjárhagsstaða

- Á spátímabilinu 2024-2027 er áætlað að rekstrarniðurstaða verði áfram jákvæð á bilinu 965-802 m.kr. á ári.
- Mikil uppbygging hefur áhrif á rekstur og efnahag.
- Hagræðing um 500 m.kr. er hluti af áætlunum bæjarins.
- Garðabær er langt innan viðmiða bæði hvað varðar skuldareglu og jafnvægisreglu um heildarútgjöld til reksturs.
- Sjóðstreymi er sterkt og takmarkar þannig þörf á lántöku.




Fjárhagsáætlun Garðabæjar í hnotskurn

Áfram lágur álögur á íbúa og fyrirtæki

Mismunur frá 14,74% hámarksútsvarshlutfalli tólf stærstu sveitarfélaga


M.v. nýjustu upplýsingar des. 2023



*sérstakt um 1,5% álag hjá sveitarfélaginu Árborg samkvæmt samkomulagi við innviðaráðherra

Fasteignaskattar íbúðarhúsnæðis tólf stærstu sveitarfélaga

M.v. nýjustu upplýsingar des. 2023



Útsvar

Útsvarsprósenta í Garðabæ hækkar og verður 14,48%, næst lægst á meðal stærri sveitarfélaga



Fasteignagjöld

Fasteignaskattur íbúðarhúsnæðis, holræsagjald og vatnsgjald lækka. Hlutfall fasteignaskatts verður 0,163%, hið lægsta meðal stærri sveitarfélaga, holræsagjald verður 0,078% og vatnsgjald verður 0,074%.



Gjaldskrár

Áætlun gerir ráð almennt ráð fyrir 6% hækkun gjaldskráa í samræmi við verðlagsþróun.

Fasteignagjöld

Fasteignaskattar íbúðarhúsnæðis

0,166%	0,163%
2023	2024

Holræsagjald

0,085%	0,078%
2023	2024

Vatnsgjald

0,08%	0,074%
2023	2024

Fasteignaskattur atvinnuhúsnæðis

1,52%	1,52%
2023	2024




Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Hagræðingaraðgerðir skila um 500 m.kr. eða um 2% af rekstrarútgjöldum

Hagræðing 2024 – Samantekt

(sparnaður sem hlutfall útgjalda málaflokks í sviga)



Almennur rekstur

- Innkaupa- og útboðsmál, sparnaður í aðkeyptum ræstingum, matvælum & rekstrarvörum, upplýsingatækniþjónustu og sorphirðu
- Dregið úr nefndakostnaði, yfirvinnu, bifreiðastyrkjum og starfsmannakostnaði í stjórnsýslu
- Flutningur á sameiginlegum kostnaði milli A og B hluta



Fagsvið

- Hagræðing innan fagsviða á bilinu 1,5% til 3,2% þar sem áhersla er á að endurmeta miðað við rauntölur og rauneftirspurn þjónustu.



Jafnvægi í rekstri

- Um er að ræða 2% hagræðingu eða um 500 m.kr. af um 25 milljarða rekstrarkostnaði ársins



Fjárhagsáætlun Garðabæjar í hnotskurn Vaxandi og sterkt samfélag



Heilsueflandi samfélag sem stuðlar að farsæld

- Garðabær er heilsueflandi samfélag, áhersla er lögð á heilsu, virkni og líðan allra íbúa, á öllum æviskeiðum.
- Hvatapeningar fyrir hvert barn verða kr. 55.000 og tekjutenging verður tekin upp.
- Áhersla er lögð á farsæld barna og innleiðingu farsældarstefnu í grunn- og leikskólum Garðabæjar.
- Breytingar á leikskólaumhverfi með áherslu á velferð barna



Málaflokkur eldri borgara

- Ný aðstaða fyrir félagsstarf eldri borgara verður tekin í notkun á Álftanesi sem verður lyftistöng fyrir félagsstarf eldri borgara.
- Fjármagn til málaflokks eldri borgara er 363 m. kr.
- Áhersla er lögð á félagsstarf og virkni íbúa.



Fjárhagsáætlun Garðabæjar í hnotskurn

Uppbygging og endurbætur - skólahúsnæði í öndvegi



Leikskóli við Holtsveg

- Í upphafi árs 2024 tekur sex deilda leikskóli við Holtsveg til starfa. Íbúabyggð í Urriðaholti er í örum vexti og skólinn verður kærkomin viðbót við leikskólaflóru Garðabæjar. Leikskólinn er Svansvottaður í samræmi við umhverfisáherslur hverfisins.



Endurbætur á skólahúsnæði

- Mikil áhersla hefur verið lögð á endurbætur á skólahúsnæði Garðabæjar í leik- og grunnskólum. Sama áhersla verður árið 2024 en 750 m.kr. verður varið í endurbætur skóla og skólalóða.
- 130 m.kr. ráðstafað endurbætur íþróttamannvirkja og 60 m.kr. í endurbætur í miðbæ Garðabæjar.



Annar og þriðji áfangi Urriðaholtsskóla

- Annar áfangi Urriðaholtsskóla verður tekinn í notkun á vormánuðum. Framkvæmdir við þriðja áfanga munu hefjast á árinu. Þar verður íþróttahús og sundlaug, auk annarra rýma. Samtals verður 1.625 m.kr. varið í uppbygging Urriðaholtsskóla árið 2024.



Fjárhagsáætlun Garðabæjar í hnotskurn

Menning og miðbær í Garðabæ

Menning í Garðabæ

- Fjölbreytt og lifandi mannlíf og menning gerir tilveruna í Garðabæ litríkari.
- Fjárveiting til menningarmála er 330 m.kr.
- Menningarlíf Garðabæjar er í miklum blóma og fjölmargir hafa lagt leið sína í bæinn til að njóta hennar. Ungt listafólk hefur sprungið út í skjóli þeirra eldri.
- Bæjarhátíðir eins og Jazzþorpið og Rökkvan hafa vakið mikla athygli og tekið þátt í að festa Garðatorg í sessi sem miðpunkt menningar í bænum.





Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Helstu atriði

Helstu atriði fjárhagsáætlunar 2024

Fjárhagsáætlun 2024

- Óvissa í efnahagsmálum, háir vextir og verðbólga
- Garðabær hefur vaxið hratt á undanförunum árum
- Áhersla á aðlögun og rekstrarbata A sjóðs sem skili ríflega 1 ma.kr. rekstrarbata
 - Hagræðing í rekstri með margvíslegum aðgerðum m.a. með hagkvæmari innkaupum og aukinni áherslu á stafrænar lausnir
 - Álagningarhlutfall útsvars hækkað í 14,48%
- Álagningu fasteignaskatta verður haldið lágri
- Minni tekjur af sölu byggingarréttar áætlaðar en raunin hefur verið undanfarin 2 ár
- Dregið verður úr framkvæmdum en mikilvægar nýframkvæmdir og endurbætur á skólahúsnæði munu njóta forgangs
- Veltufé frá rekstri styrkist og skuldahlutfall verði á svipuðum nótum og sl. ár

Rekstrarniðurstaða 7,4 m.kr. 522 m.kr. <i>A-hluti</i> <i>Samstæða A og B hluti</i>	Veltufé frá rekstri 1.478 m.kr. 2.291 m.kr. <i>A-hluti</i> <i>Samstæða A og B hluti</i>	Veltufé frá rekstri % af tekjum 5,3% 8% <i>A-hluti</i> <i>Samstæða A og B hluti</i>
Skuldir og skuldb. 38.103 m.kr. 25.076 m.kr. <i>Samtals</i> <i>Þar af skuld við lánastofn.</i>	Skuldahlutfall 133,6% <i>Áætlun 2024</i>	Skuldaviðmið 109,8% <i>Áætlun 2024</i>
Eiginfjárhlutfall Veltufjárhlutfall 0,40 0,42 <i>Áætlun 2024</i>	Kostnaður % af tekjum 43,4% 39,5% <i>Laun og launat.gj.</i> <i>Annar rekstrark.</i>	Fjárfestingar 4.997 m.kr. <i>Áætlun 2024</i>



Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Viðmið um afkomu og fjárhagsstöðu sveitarfélaga samkvæmt sveitastjórnarlögum


Jafnvægisreglan

- Jafnvægisreglan kveður á um að samanlögð heildarútgjöld til reksturs vegna A- og B- hluta yfir þriggja ára tímabil megi ekki vera hærri en sem nemur samanlögðum reglulegum tekjum sveitarfélagsins. Það felur í sér að samanlögð rekstrarniðurstaða fyrir yfirstandandi ár með hliðsjón af gildandi fjárhagsáætlun og samþykktum viðaukum við fjárhagsáætlun fyrir næsta ár sýni jákvæða rekstrarniðurstöðu samstæðunnar.
- Ársreikningur Garðabæjar fyrir árið 2022 sýndi jákvæða niðurstöðu 1.272 m.kr. í A og B sjóði. Útkomuspá fyrir árið 2023 gerir ráð fyrir jákvæðri niðurstöðu 965 m.kr. fyrir A og B sjóð og framlögð áætlun fyrir árið 2024 gerir ráð fyrir 522 m.kr. jákvæðri afkomu samstæðunnar.


Skuldareglan

- Skuldareglan kveður á um skyldur sveitarfélaga til að sjá til þess að heildarskuldir og skuldbindingar A og B hluta í reikningsskilum skv. 60. gr. sveitarstjórnarlaga séu ekki hærri en sem nemur 150% af reglulegum tekjum. Skuldahlutfall Garðabæjar skv. ársreikningi 2022 nam 119,8%. Samkvæmt útkomuspá ársins 2023 er gert ráð fyrir að það nemi 127,2% og samkvæmt framlagðri fjárhagsáætlun fyrir árið 2024 er gert ráð fyrir að skuldahlutfallið verði 133,3%. Skuldaviðmið nemur 109,8% árið 2024.
- Alþingi samþykkti vegna tekjufalls sveitarfélaga og útgjaldaauka vegna Covid-19 að víkja þessum reglum til hliðar tímabundið til ársins 2025 en Garðabær er innan marka upprunalegra viðmiðana bæði hvað varðar jafnvægisreglu og skuldareglu.

Rekstrarjöfnuður/Jafnvægisregla, m.kr.



Skuldaviðmið



Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Ferli og óvissuþættir vegna áætlunar 2024

Fjárhagsáætlun 2024-2027

- Forsendur fjárhagsáætlunar Garðabæjar voru lagðar fram í bæjarráði 12. september 2023.
- Frumvarp að fjárhagsáætlun er lagt fram til fyrri umræðu í bæjarstjórn þann 2. nóvember 2023. Síðari umræða og afgreiðsla áætlunarinnar er í höndum bæjarstjórnar Garðabæjar þann 7. desember 2023.
- Samhliða áætlun næsta árs er jafnframt lögð fram þriggja ára áætlun fyrir árin 2025, 2026 og 2027.
- Við gerð fjárhagsáætlunar að þessu sinni ríkir áfram óvissa um framvindu efnahags- og kjaramála. Verðbólga á heimsvísu hefur verið hærri en þekkt hefur í langan tíma og Ísland er þar ekki nein undantekning.
- Kjarasamningar á almennum markaði gilda til 31. janúar 2024. Kjarasamningar á opinberum markaði gilda fram til 31. mars 2024. Samningar við kennarafélögin gilda til 31. maí 2024.



Verðlagsforsendur, vextir og gengi

Enn ríkir nokkur óvissa um þróun verðbólgu á næsta ári og óvíst er hversu hratt markmið stjórnvalda um að ná niður verðbólgu muni ganga eftir. Einnig ríkir óvissa um vaxtastig, en líkur eru á að toppnum hafi verið náð. Seðlabankinn hefur gefið skýr skilaboð um að bankinn muni beita vatxastýringu til að halda aftur af verðbólgu. Breyttar forsendur hagspár hefur veruleg áhrif á forsendur fjárhagsáætlunar.



Stríðsátök og alþjóðamál

Framvinda stríðsátaka í Evrópu Úkraínu og Ísrael með tilheyrandi fjölgun flóttafólks, hækkandi framleiðslukostnaði, orkukreppu og jafnvel skorti á ákveðnum vörum hefur mikil áhrif á framvindu efnahagsmála á heimsvísu.



Fjármögnun málaflokka og fjárhagslegt uppgjör við ríkið

Garðabær og önnur sveitarfélög sinna þjónustu við fatlað fólk, flóttafólk og fleiri hópa samkvæmt samningum við ríkið. Ljóst er að Garðabær ver mun hærri fjárhæðum í þjónustuna en sem nemur framlögum ríkisins. Óvissa ríkir um hvort og þá hvernig fjárhagslegu uppgjöri verið háttað við ríkið.

Efnisyfirlit

Forsendur
áætlunar

Fjárhagsáætlun

Málaflokkayfirlit

Framkvæmdir



GARÐABÆR



Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Helstu atriði


m.kr.	A hluti						Samantekið - A og B hluti					
	Rauntölur	Útkomuspá	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Rauntölur	Útkomus pá	Áætlun	Áætlun	Áætlun	Áætlun
	2022	2023*	2024	2025	2026	2027	2022	2023*	2024	2025	2026	2027
Rekstrarreikningur												
Rekstrartekjur	23.122	25.401	26.430	27.975	29.536	31.178	25.034	27.385	28.510	30.149	31.780	33.495
Rekstrargjöld	19.579	21.073	22.833	25.820	25.545	26.946	20.609	22.236	24.080	25.527	26.941	28.414
Rekstrarniðurstaða fyrir afskriftir	3.543	4.328	3.597	3.776	3.991	4.232	4.425	5.149	4.431	4.622	4.839	5.081
Afskriftir	-1.205	-1.380	-1.478	-1.620	-1.756	-1.904	-1.424	-1.620	-1.745	-1.921	-2.090	-2.272
Rekstrarniðurstaða án fjármagnsgjalda	2.338	2.948	2.119	2.155	2.235	2.329	3.001	3.529	2.685	2.701	2.748	2.808
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-1.602	-2.497	-2.111	-2.027	-1.891	-1.971	-1.729	-2.564	-2.164	-2.066	-1.925	-2.006
Rekstrarniðurstaða	736	451	7	128	345	358	1.272	965	522	635	823	802
Efnahagsreikningur												
Eignir samtals	48.185	53.430	56.679	59.211	61.593	64.507	53.902	59.690	63.492	66.503	69.366	72.728
Eigið fé	19.335	19.787	19.794	19.922	20.267	20.625	23.903	24.867	25.389	26.024	26.848	27.650
Skuldir og skuldbindingar samtals	28.850	33.644	36.885	39.289	41.327	43.883	30.000	34.822	38.103	40.478	42.518	45.078
Sjóðstreymi												
Veltufé frá rekstri (til rekstrar)	-114	-68	1.478	1.533	1.727	1.950	711	732	2.291	2.357	2.549	2.769
Handbært fé (fjárbörf) í árslok	93	77	578	476	163	264	210	147	633	480	165	270




Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Áætluð rekstrarniðurstaða 2023-2027

Rekstrarniðurstaða samstæðu, m.kr.



Rekstrartekjur og -gjöld á hvern íbúa



Rekstrarniðurstaða

- Samkvæmt útkomuspá 2023 er áætluð rekstrarniðurstaða samstæðu 965 m.kr. sem er 307 m.kr. lækkun frá fyrra ári.
- Árið 2024 er áætluð rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði 2.685 m.kr. og rekstrarniðurstaða 522 m.kr.



Tekjur og gjöld á hvern íbúa

- Áætlað er að tekjur á hvern íbúa nemi 1.441 þús. kr. og 1.559 þús. kr. í lok spátímans 2027.
- Áætlað er að gjöld á hvern íbúa muni aukast um 5,6% á árinu 2024.




Eignir Garðabæjar

- Eignir Garðabæjar árið 2024 eru áætlaðar 63.492 m.kr. en það er aukning um 6,4% frá útkomuspá 2023.
- Eigið fé er áætlað 25.390 m.kr. og skuldir 38.102 m.kr..


Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Áætlaðar rekstrartekjur 2024

Tekjur 2024, m.kr.



Áætluð þróun íbúafjölda 2024-2027



Áætlaðar rekstrartekjur eru 28,510 m.kr. Útsvar



- Áætlaðar útsvarstekjur eru 17.662 m.kr. og hækka um 15,2% miðað við fjárhagsáætlun ársins 2023. Við gerð áætlunarinnar er byggt á spá Sambands íslenskra sveitarfélaga, útkomuspá 2023 og tekið er tillit til áætlaðrar launaþróunar og íbúafjölgunar. Á tímabilinu 2025-2027 er áætlað að útsvarstekjur hækki í takt við fjölgun íbúa. Álagningarhlutfall útsvars verður 14,48%.



Fasteignaskattar

- Í framlagðri fjárhagsáætlun er gert ráð fyrir að tekjur af fasteignasköttum nemi 2.647 m.kr. og hækki um 10,6% milli ára og eru þá meðtaldar nýjar eignir sem best hafa við á árinu 2023.
- Gert er ráð fyrir að álagningahlutfall fasteignaskatta lækki og verði 0,163%.



Jöfnunarsjóður

- Gert er ráð fyrir að framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til Garðabæjar nemi um 2.381 m.kr. á árinu 2024 en voru 1.879 m.kr. 2023. Nemur hækkunin milli ára 26,7%.




Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Áætluð rekstrargjöld 2024


Áætlaður launakostnaður 2024

- Launakostnaður nemur samtals 12.373 m.kr. árið 2024 í A- og B sjóði sem er 3,9% hækkun milli ára og 12,4% hækkun frá niðurstöðu ársreiknings 2022. Stöðugildi eru alls 888.
- Í áætluninni er tekið tillit til launahækkana samkvæmt ákvæðum gildandi kjarasamninga. Kjarasamningar starfsmanna Garðabæjar eru almennt bundnir fram til 1. mars 2024 að undanskildum samningum við kennarafélögin en þeir samningar eru lausir frá 1. september 2024.
- Væntanlegar launahækkningar vegna yfirstandandi kjaraviðræðna eru ekki reiknaðar í áætlun. Gert er ráð fyrir 400 m.kr. varasjóði til að mæta kjarasamningshækkunum og öðrum starfsmannatengdum breytingum.

Launakostnaður sem % af tekjum



Gjöld 2024, 24.080 m.kr.



Áætlaður annar rekstrarkostnaður 2024

Annar rekstrarkostnaður samstæðureiknings er áætlaður 11.273 m.kr. og hækkar um 13,6% milli ára.

Tveir nýjar rekstrareiningar verða teknar í notkun á árinu 2024. Íbúðakjarni fyrir fatlað fólk og nýr leikskóli í Urriðaholti með samtals um 600 m.kr. Rekstrarframlög.


Stór hluti annars rekstrarkostnaðar er aðkeypt þjónusta sem tekur mið af launaþróun. Dæmi um liði sem fara hækkandi skv. áætlun:

- Húsaleigubætur
- Fóstrun barna utan heimilis
- Niðurgreiðsla á skólamat fyrir grunnskólabörn
- Stuðningsþjónusta
- Námsvistargjöld þ.e. greiðslur til annarra sveitarfélaga
- Frístundabíll
- Kostnaður vegna skipulagsmála
- Frístundaheimili í skólum sem reknir eru af öðrum en Garðabæ.

Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Afborganir og lántökur

Afborganir langtímaskulda A-og B-hluta, m.kr.



*Samkvæmt útkomuspá

Áætlun fyrir tímabilið 2024-2027 gerir ráð fyrir að á tímabilinu verði:



Tekin ný langtímalán að upphæð: 16.205 m.kr.




Afborganir langtímalána: 9.270 m.kr.

Sjóðstreymi, lántökur og afborganir

- Á tímabilinu 2025-2027 er áætlað að veltufé frá rekstri verði sterkt, sem takmarkar þörf á lántöku fyrir fjárfestingum.
- Samkvæmt útkomuspá 2023 er áætlað að lántaka á árinu 2023 verði 4.135 m.kr.
- Áætlun 2024-2027 gerir ráð fyrir að tekin verði ný lán að upphæð 16.205 m.kr.
- Á sama tímabili verða afborganir langtímalána 9.270 m.kr. og því verður hrein lántaka 6.935 m.kr.
- Vænta má að gatnagerðartekjur muni skila meiri fjármunum í bæjarsjóð en sem nemur gatnagerðar framkvæmdum á árinu 2024 og næstu ár þar á eftir. Verði það raunin mun þörf á langtímalántökum minnka frá því sem hér er sett fram, auk þess sem skammtímaskuldir yrðu þá greiddar upp.

Veltufé frá rekstri % af tekjum, m.kr.



*Samkvæmt útkomuspá

Veltufé frá rekstri og fjárfestingar

- Sterkt veltufé frá rekstri er forsenda þess að unnt sé að sinna fjárfestingum sveitarfélagsins og á hinn bóginn má nýta það til að greiða niður skuldir.
- Staða veltufjár frá rekstri sem hlutfall af tekjum er áætlað um 8%. Á tímabilinu 2025-2027 er áætlað að veltufé frá rekstri verði sambærilegt við árið 2024.
- Veruleg jákvæð umskipti eru á veltufé frá rekstri milli árana 2022 og 2023 og áætlunar fyrir árin 2024-2027.

Efnisyfirlit

Forsendur
áætlunar

Fjárhagsáætlun

Málaflokkayfirlit

Framkvæmdir



GARÐABÆR



Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Málaflokkar



Málaflokkar

Hér verður gerð grein fyrir rekstri einstakra málaflokka og helstu stærðum. Í samanburði við fyrra ár er miðað við útkomuspá ársins 2023. Málaflokkar skiptast niður á fjögur svið sveitarfélagsins.



Fræðslu- og menningarsvið

Fræðslu- og uppeldismál, æskulýðs- og íþróttamál, menningarmál



Fjölskyldusvið

Barnavernd, stuðningur við fatlað fólk og eldri borgara, búseta, félagsráðgjöf, fjárhagsaðstoð, móttaka flóttamanna



Umhverfisvið

Umhverfismál, brunamál, almannavarnir, hreinlætismál, skipulags- og byggingarmál, umferðar- og samgöngumál




Fjármála- og stjórnsýslusvið

Bæjarstjórn, bæjarskrifstofur og sameiginlegur kostnaður

Skipting framlaga málaflokka 2024, m.kr.


- Fræðslu og uppeldismál
- Fjölskyldusvið
- Umferðar og samg. mál
- Menn-mál
- Skip-bygg. mál
- Æsku-og íþróttamál
- Fjármál og stjórns.
- Umhv.mál
- Annað



Fræðslu- og menningarsvið

- Til fræðslu- og uppeldismála er gert ráð fyrir að verja um 13.318 m.kr. á árinu 2024 sem er hækkun um 1.405 m.kr. eða 11,8%.
- Á skrifstofu fræðslu- og menningarmála starfa 13 starfsmenn í 12,3 stöðugildum. Sviðsstjóri, grunn- og tónlistarskólafulltrúi, leikskólafulltrúi, menningarfulltrúi, íþrótt-, tómstunda- og forvarnarfulltrúi, sérkennslufulltrúi, þrjú sálfræðingar og tveir talmeinafræðingar.

Skipting útgjaldaliða fræðslumála 2024, m.kr.



- Kostnaður vegna skrifstofu fræðslu- og menningarmála er áætlaður 499 m.kr. sem er lækkun um 6,3% milli ára. Á skólaskrifstofu er gert ráð fyrir 5 m.kr. vegna samstarfs við Klifið til að efla fræðslustarf fyrir skólasamfélagið og fullorðinsfræðslu. Gert er ráð fyrir 28 m.kr. til þróunarverkefna í grunnskólum og 9 m.kr. til þróunarverkefna í leikskólum.
- Fjárveiting til að mæta langtímaforföllum í skólum er áætluð 35 m.kr. Þá er gert ráð fyrir 50 m.kr. í sérstakan sérkennslupott fyrir leikskóla og 17 m.kr. til nýbúakennslu í grunnskóla. Einnig er gert ráð fyrir 27,8 m.kr. til skólaaksturs í Urriðaholtsskóla.
- Innleiðing farsældar og þróun skólaþjónustu verður áframhaldi á árinu, áætlaðar eru 38 m.kr.
- Nýtt innritunarkerfi í leikskólum verður tekið upp á árinu 2024.
- Tillögur um bætt leikskólaumhverfi í Garðabæ koma til framkvæmda á árinu.

Stöðugildi fræðslu- og menningarsviðs: 737,7



Leikskólar
249,5
stöðugildi



Frístund
21
stöðugildi



Skrifstofa fræðslu- og menningarmála
12 stöðugildi



Grunnskólar
361
stöðugildi



Tónlistarskólar
30 stöðugildi

Fjárhagsáætlun Garðabæjar


Leikskólamál




Leikskólar

- Á undanförunum árum hefur verið lögð mikil áhersla á að bjóða öllum börnum 12 mánaða og eldri leikskóladvöl og er Garðabær það sveitarfélag á höfuðborgarsvæðinu sem lengst er komið að ná því markmiði.
- Helstu breytingar á leikskólaumhverfinu er umtalsverð fjölgun leikskólabarna í Urriðaholti og í sveitarfélaginu almennt. Við þessari þróun hefur verið brugðist með ungbarnaleikskólanum Mánahvoli árið 2021 og Urriðabóli við Kaupþún árið 2022. Í byrjun árs 2024 mun nýr leikskóli hefja starfsemi við Holtsveg í Urriðaholtshverfi.
- Ný leikskóladeild í Sjálandsskóla var opnuð á árinu 2023 sem ætluð er fyrir 40 börn og kemur í stað leikskóladeildar í Flataskóla.

Stöðugildi




Framlög til leikskóla, m.kr.



Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Leikskólamálar: Fjöldi leikskólabarna

Fjöldi barna í leikskólum – rauntölur okt 2023



- Fjöldi barna í leikskólum Garðabæjar í lok október 2023 var 1.252, þar af 470 börn í sjálfstætt starfandi leikskólum.
- Fjölgun leikskólabarna frá skólaárinu 2017 - 2023 er 356 börn, úr 896 börnum í 1.252 börn.



Leikskólar

- Leikskólar í Garðabæ, hvort sem þeir eru reknir af sveitarfélaginu eða sjálfstætt starfandi, bjóða börnum dvöl frá 12 mánaða til 5 ára aldurs. Sunnhvoll og Mánahvoll eru sérstakir ungbarnaleikskólar.
- Stefnt er að því að ljúka innritun allra barna sem fædd eru 2022 og eldri í byrjun árs 2024 þegar nýr leikskóli tekur til starfa í Urriðaholti. Leikskólinn verður 1.430 fm. og er áætlað að þar dvelji um 120 börn á 6 deildum.
- Unnið er að mótun tillagna um bætt starfsumhverfi skólanna með það að markmiði að efla fagumhverfi skólanna og hvetja fólk til að starfa á leikskólum bæjarins.
- Leikskólar Garðabæjar hafa góðan aðgang að sérfræðipjónustu fyrir börn sem þurfa stuðning og hefur verið lögð mikil áhersla á snemmtæka íhlutun.




Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Leikskólamál: Rekstrarkostnaður

Sjálfstætt starfandi leikskólar


- Sjálfstætt starfandi leikskólar eru reknir samkvæmt samningum við Garðabæ þar sem kveðið er á um að skólastarf sé í samræmi við lög um leikskóla og þá er jafnframt ákvæði um eftirlitsþátt Garðabæjar með starfseminni.
- Launaþáttur samninganna fylgir breytingum samkvæmt kjarasamningum en annar rekstrarkostnaður er verðbættur. Stefnt er að því að endurnýja alla samninga við sjálfstætt starfandi leikskóla og er unnið að því að ljúka þeim samningum á árinu 2024.
- Um 470 börn eru í sjálfstætt starfandi leikskólum í Garðabæ. Þar af 113 börn á Leikskólanum Sjálandi, sem er stærsti sjálfstætt starfandi leikskólinn í Garðabæ.

Einkareknir leikskólar



- Leikskólinn Sjáland
- Leikskólinn Ásar
- Leiksk. Hnoðraholt - Hjalli
- Leiksk. Urriðaból
- Leiksk. Litlu Ásar Vífilsstöðum
- Barnask. Hjalla - leiksk.

Skipting kostnaðar milli mismunandi rekstrarforma á leikskólastigi 2024



- Bæjarreknir leikskólar
- Einkareknir leikskólar
- Leikskólanefnd, dagforeldra- og dagvistargjöld

Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Grunnskólar



Grunnskólar

- Áætlað er að verja um 7.213 m.kr. til grunnskólareksturs á árinu 2024. Um er að ræða hækkun milli ára að fjárhæð 736 m.kr. eða 11,4%.
- Í heildina fjölgaði nemendum í grunnskólum Garðabæjar um 19 á milli vor- og haustannar 2022.
- Nemendum við Urriðaholtsskóla fjölgaði um 67 milli vor- og haustannar 2023 og 15 í Garðaskóla en fækkaði í Flataskóla um 36 og 17 í Álftanesskóla.
- Nemendur í Alþjóðaskólanum voru 116 við upphaf skólaársins 2023-2024 og 124 nemendur voru í Barnaskóla Hjallastefnunnar.
- Í fjárhagsáætlun 2024 er tekið tillit til greinargerðar fræðslu- og menningarsviðs á stöðu frístunda- og tómstundastarfs fyrir 6 – 9 ára börn í Garðabæ hvað varðar frístundaúrræði að sumri.

Stöðugildi skólamál: 382




Grunnskólar
361 stöðugildi



Frístundaheimili
21 stöðugildi


Samanburður nemendafjölda í grunnskólum Garðabæjar



Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Grunnskólar og tónlistarskóli

Skipting kostnaðar vegna
grunnskólarekstrar 2024



- Hofstaðaskóli og frístund
- Garðaskóli og frístund
- Álftanesskóli og frístund
- Flataskóli og frístund
- Sjálandsskóli og frístund
- Urrðaholtsskóli og frístund

Grunnskólar

- Gert er ráð fyrir 162 m.kr. framlagi til viðhalds á húsnæði skólanna sem er 8 m.kr. hækkun milli ára. Einnig verður ráðist í endurbætur á skólahúsnæði og skólalóðum að fjárhæð 750 m.kr.
- Þá er gert ráð fyrir að 875 m.kr. verði varið til byggingar annars áfanga Urriðaholtsskóla og 750 m.kr. framlagi til 3ja áfanga.

Einkareknir grunnskólar

- Framlag til einkarekinna grunnskóla er lögbundið og er skólunum greitt skv. gildandi samningum en unnið er að endurskoðun samninga. Gert er ráð fyrir að verja 396 m.kr. til einkarekinna skóla árið 2024.


Námsvistargjöld

- Í gildi er samkomulag milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um greiðslu námsvistargjalda í grunnskólum og leikskólum. Gert er ráð fyrir að námsvistargjöld umfram innheimt gjöld til Garðabæjar nemi um 462 m.kr. vegna leik- og grunnskóla sem er 29% hækkun frá 2023. Greidd námsvistargjöld eru einkum vegna barna í sérskólum í Reykjavík og hefur gjaldskrá Reykjavíkurborgar vegna barna í Klettaskóla hækkað umtalsvert. Að auki er áætlað að framlag Garðabæjar vegna tónlistarnáms barna í öðrum sveitarfélögum verði 13 m.kr. á árinu 2024.

Tónlistarskóli

- Fjárveiting til Tónlistarskóla Garðabæjar nemur 348 m.kr. sem er svipað og á fyrra ári en ósamið er við tónlistarkennara. Nemendafjöldi er áætlaður svipaður og verið hefur. Nemendur við Tónlistarskóla Garðabæjar eru 512 skólaárið 2023-2024. Tónlistarskólinn hefur í vaxandi mæli nýtt húsnæði grunnskólanna til kennslu nemenda, sem er til mikilla þæginda fyrir nemendur, en starfsstöðvar skólans eru í eigin húsnæði við Kirkjulund og húsnæði sem skólinn hefur til afnota í Álftanesskóla þar sem eru um 91 nemendur. Stöðugildi í Tónlistarskóla Garðabæjar í september 2023 voru 31,5.

Skipting kostnaðar vegna menningarmála 2024



Menningarmál

- Fjárveiting til menningarmála er 330 m.kr. sem er hækkun um 11,9 % á milli áráanna 2023 og 2024.
- Framlög til Bókasafns Garðabæjar nema 141,2 m.kr.
- Rekstrarframlag Garðabæjar með Hönnunarsafni Íslands er áætlað 77,8 m.kr. og lækkar um 2% frá árinu 2023.
- Framlag ríkisins til reksturs Hönnunarsafnsins í frumvarpi að fjárlögum er áætlað 20 m.kr. árið 2023. Garðabær er í samningaviðræðum við ríkið um nýjan rekstrar- og uppbyggingarsamning sem vonandi verður hægt að undirrita á árinu 2024.
- Framlag til annarra menningarmála er 111 m.kr. en undir það falla meðal annars menningar- og bæjarhátíðir, önnur safnastarfsemi og styrkveitingar til ýmis konar menningarstarfs.

Stöðugildi



Menningarmál
9,25 stöðugildi



Fjárhagsáætlun Garðabæjar


Æskulýðs- og íþróttamál



Æskulýðs- og íþróttamál

- Útgjöld til æskulýðs- og íþróttamála eru áætluð 2.917 m.kr. og lækka um 93 m.kr. milli ára. Megin ástæðan er sú að stofnframlög til skíðasvæðanna vegna framkvæmda lækka verulega og samningur við GKG vegna framkvæmda er að fullu greiddur.
- Ný rekstrareining, Miðgarður fjölnota íþróttahús í Vetrarmýri, var tekin í notkun í upphafi árs 2022 og er áætlaðar kostnaður við rekstur þess 440 m.kr.
- Meginkostnaður við rekstur málaflokksins er starfsemi íþróttahúsanna við Ásgarð, á Álftanesi, í Mýrinni, íþróttahúss Sjúalandsskóla og Miðgarðs. Samtals nemur rekstur þessara mannvirkja 1.427 m.kr. Til viðhalds íþróttamannvirkja er áætlað að verja 80,4 m.kr.
- Áætlað er að rekstur félagsmiðstöðvanna Garðalundar í Garðaskóla, Klakans í Sjúalandsskóla og Elítunnar í Álftanesskóla nemi 164 m.kr. sem er 6,7% hækkun frá áætlun 2023.
- Styrkir til æskulýðs- og unglिंगastarfs eru áætlaðir 37 m.kr. Framlög til styrkja vegna hvatapeninga eru áætluð 165 m.kr. og verða hvatapeningar fyrir hvert barn kr. 55.000. Hvatapeningar verða einnig tekjutengdir og hægt er að sækja um 15.000 kr. til viðbótar ef tekjur eru undir ákveðnu viðmiði. Framlag til rekstrar frístundabíls er áætlað 46 m.kr. á árinu 2024 og hækkar um 36% eða 12 m.kr. frá áætlun ársins 2023. Fjárveiting til Skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins er áætluð 48 m.kr. og lækkar um 78 m.kr. vegna minni framkvæmda.

Skipting kostnaðar vegna æskulýðs- og íþróttamála 2024



Stöðugildi



Æskulýðs- og íþróttamál
56,5 stöðugildi



Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Velferðarmál



Velferðarsvið

- Sinnir almennri og sértækri velferðarþjónustu til íbúa sem vinnur að því að standa vörð um lífsgæði þeirra og skapa það öryggi sem einstaklingum er nauðsynlegt.
- Verkefni sviðsins eru fjölbreytt og snúa meðal annars málefnum barna samkvæmt barnaverndarlögum, þjónustu við fatlaða, þjónustu við aldraða, ferðarþjónustu, félagslegri ráðgjöf, virkniúrræðum, húsnæðismálum og fjárhagsaðstoð.
- Auk nýrra verkefna sem snúa að móttöku flóttamanna og innleiðingu á samþættri þjónustu í þágu farsældar barna. Samvinna og samstarf við önnur sveitarfélög á sviði velferðar.



Velferðarmál

- Til velferðarmála er gert ráð fyrir að verja um 3.866 m.kr. á árinu 2024 sem er hækkun um 434 m.kr. milli ára eða 13%.

Stöðugildi velferðarsviðs: 84,65



Skrifstofa velf. sviðs
14 stöðugildi



Málefni fatlaðra
63,4 stöðugildi




Félags- og
tómstundastarf
3,35 stöðugildi




Ísafold
3,9 stöðugildi

Framlög til velferðarmála, m.kr.



*Samkvæmt útkomuspá

Skipting útgjaldaliða velferðarþjónustu 2024





Barnaverndarþjónusta

- Fjöldi mála til vinnslu í barnaverndarþjónustu er breytilegur milli ára. Alls bárust 468 tilkynningar til barnaverndar á árinu 2022 og voru mál tæplega 230 barna í vinnslu yfir 12 mánaða tímabil. Í lok október 2023 höfðu borist 529 tilkynningar til barnaverndar og um 160 mál voru til vinnslu á þeim tíma.
- Barnaverndarþjónusta er þriðja stigs þjónusta og er ætlað að tryggja börnum sem búa við óviðunandi aðstæður, eða börnum sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu, nauðsynlega aðstoð (barnaverndarlög nr. 80/2002).
- Til að bregðast við margþættum þörfum barna og fjölskyldna þeirra þarf að beita viðeigandi stuðningsúrræðum sem metin eru sérstaklega við vinnslu hvers máls. Tekur fjárhagsáætlun 2024 mið af þeim stuðningsúrræðum sem nauðsynlegt er að hafa tiltæk við vinnslu barnaverndarmála.
- Framlög til barnaverndarþjónustu er 122 m.kr. og er kostnaður vegna vistunar barna utan heimilis meira en helmingur þess fjármagns eða 67 m.kr.
- Árið 2023 er fyrsta starfsár Umdæmisráðs en það tók til starfa í kjölfar breytinga á barnaverndarlögum nr. 80/2022 þegar barnaverndarnefndir voru lagðar niður. Sveitarfélögin í Kraganum eru með sameiginlegt Umdæmisráð og er það skipað lögmanni sem jafnframt er formaður ráðsins, sálfræðingi og félagsráðgjafa eins og barnaverndarlög kveða á um. Í október 2023 hefur verið óskað eftir þremur úrskurðum frá Umdæmisráði, vegna fjögurra barna.

Stöðugildi barnaverndarþjónustu: 5




Málastjórar
4 stöðugildi



Deildarstjóri barna-
verndar
1 stöðugildi

Að auki hefur lögfræðingur velferðarsviðs aðkomu að vinnslu barnaverndarmála

Framlög til barnaverndarþjónustu, m.kr.



Stuðnings og stoðþjónusta við fatlað fólk



Hlutverk stuðnings- og stoðþjónustu er að veita fötluðu fólki þjónustu í samræmi við lög og reglugerðir.

Í fjárhagsáætlun 2024 er áætlað fyrir margbættri þjónustu, m.a. búsetuþjónustu, notendasamningum, NPA samningum, stuðningsfjölskyldum og liðveislusamningum. Einnig er gert ráð fyrir áframhaldandi aðkeyptri þjónustu frá einkaaðilum og öðrum sveitarfélögum til að mæta þjónustupörfum einstaklinga. Að auki er boðið upp á sérhæfða ráðgjöf til einstaklinga og fjölskyldna.

Samningum um liðveislu hefur farið fjölgandi, en árið 2021 voru þeir 75 alls. Árið 2022 voru þeir 84 árið og stefnir í að fjöldi þeirra verði svipaður árið 2023.

Almenn framlög vegna fatlaðs fólks frá Jöfnunarsjóði eru tæpar 1,3 ma.kr.

Ferðaþjónusta fatlaðs fólks



Aukning hefur orðið í akstursþjónustu fatlaðs fólks og í áætlun 2024 er gert ráð fyrir 113 m.kr. í akstursþjónustu, bæði almenna og skólaakstur. Þeir aðilar sem sinna akstursþjónustu eru Hreyfill og Pant.

Stöðugildi í málefnum fatlaðra: 63,4



Bæjarskrifstofa
2 stöðugildi




Heimili fatlaðra og
skammtímadvöl
61,4 stöðugildi

Ráðgjafaproskajálfi
Umsjónarproskajálfi

Þar af búsetukjarni á Unnargrund fyrir 6 einstaklinga, 15,5 stöðugildi og búsetukjarni í Brekkúás fyrir 7 einstaklinga, 21,8 stöðugildi.

Framlög til þjónustu við fatlað fólk, m.kr.



*Samkvæmt útkomuspá 2023

Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Stuðnings- og öldrunarþjónusta

Stuðnings- og öldrunarþjónusta



Meginverkefni þjónustunnar eru annars vegar stuðningsþjónusta í formi félagslegrar heimaþjónustu, innlits, heimsends matar, ferðaþjónustu og tómsunda- og félagsstarfs. Hins vegar ráðgjöf varðandi fjölbreytt málefni sem snúa að þjónustu við eldri borgara svo og málefni sem snúa að almennri velferðarþjónustu til íbúa.

Unnið er samkvæmt stefnu um málefni eldri borgara í Garðabæ til 2026.

Í fjárhagsáætlun 2024 er gert ráð fyrir um 219 m.kr. í innlitsþjónustu og heimilisþrif. Garðabær vinnur með starfsmönnum frá Sinnum og Dögum við að veita þjónustu í formi innlita og heimilisþrifa.



Heimilisþrif 350 heimili á mánuði



Heimsendur matur 1150 matarbakkar á mánuði



Innlit 750 innlit á mánuði

Stöðugildi stuðnings- og öldrunarþjónustu: 7,2



Skrifstofa staðsett á Ísafold
3,9 stöðugildi

Forstöðumaður
Félagsráðgjafi
Ráðgjafi

Þrif




Tómsundastarf eldri borgara í Jónshúsi
2,4 stöðugildi



Umsjónarmaður Jónshúss
1 stöðugildi

Framlög til þjónustu við aldraða, m.kr.



*Samkvæmt útkomuspá 2023



Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Félagsleg ráðgjöf, fjárhagsaðstoð og húsnæðismál




Félagsleg ráðgjöf og fjárhagsaðstoð

Fjölskyldur og einstaklingar sem eru orðnir 18 ára geta leitað eftir þjónustu, aðstoð og ráðgjöf í málum sem varða fjárhagsvanda, húsnæðismál, framfærslu eða aðra félagslega erfiðleika.


Upplýsingagjöf og leiðsögn um réttindi og skyldur í velferðarkerfinu eru stór hluti af félagslegri ráðgjöf.

Fjárhagsaðstoð er veitt samkvæmt reglum sem bæjarstjórn setur. Öll fjárhagsaðstoð er einstaklingsbundin og miðar að því að stuðla að valdeflingu einstaklinga til sjálfshjálpar og virkni. Fjárhagsaðstoð er tímabundið úrræði.

Fjöldi notenda á fjárhagsaðstoð (með flóttamönnum)



Fjárhagsaðstoð, m.kr.



*Samkvæmt útkomuspá 2023

Garðabær er þátttakandi samræmdri móttöku flóttamanna síðan 24. apríl 2023.

Mun fleiri einstaklingar með alþjóðlega vernd eða dvalarleyfi af mannúðarástæðum hafa þegið fjárhagsaðstoð frá sveitarfélaginu árin 2022 og 2023 en fyrri ár. Meðalfjöldi notenda á mánuði janúar til september 2022 var 23 en 37 árið 2023 sem er 62% aukning.

Ríkissjóður endurgreiðir sveitarfélagi veitta aðstoð vegna erlendra ríkisborgara í allt að tvö ár.



Umhverfismál

- Heildarframlag til umhverfismála er áætlað 598 m.kr. sem er 1% hækkun frá fyrra ári.
- Gert er ráð fyrir að framlag til sumarvinnu ungs fólks verði 225 m.kr. á árinu 2024 en var 222 m.kr árið 2023.
- Til garðyrkjudeildar er áætlað að verja 33 m.kr. og kostnaður við slátt og umhirðu opinna svæða er áætlaður 205 m.kr en var 170 m.kr. árið 2023.



Brunamál og almannavarnir

- Heildarútgjöld til brunamála og almannavarna nema samtals 207 m.kr. en voru 196 m.kr. árið 2023. Hækkunin nemur um 6 %.
- Áætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins gerir ráð fyrir hækkun sem nemur 6 % frá fyrra ári og verður samtals 201 m.kr.
- Framlag til sjóvarnargarða er 4 m.kr. vegna fyrirhugaðra framkvæmda við sjóvarnir á Álftanesi.

Stöðugildi Umhverfissvið: 34




Skipulags- og byggingarmál
6 stöðugildi



Umhverfismál
28 stöðugildi

Skipting kostnaðar umhverfismála 2024



- Sumarátak v. ungs fólks
- Sláttur á opnum svæðum
- Annað




Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Hreinlætismál

Hreinlætismál

- Framlög til hreinlætismála nema 26,5 m.kr. árið 2024 en voru áætluð 67 m.kr. árið 2023. Breytinguna má rekja til breyttra laga um sorphirðumál.
- Meginhluti útgjalda þessa málaflokks er kostnaður við sorphirðu, gjöld til Sorpu bs. og rekstur gáma- og grenndarstöðva.
- Árið 2023 urðu breytingar á sorphlokkun í Garðabæ þar sem fjórum flokkum er nú safnað við hvert heimili, lífrænum úrgangi, almennu sorpi, plasti og pappír. Sorphreinsun er greidd samkvæmt samningi við verktaka þar sem gert er ráð fyrir að sorp frá íbúðarhúsum sé hreinsað á 14 daga fresti og plast og pappír á 21 daga fresti, stefnt er á útboð á sorphirðu á næsta ári.
- Í rekstraráætlun Sorpu kemur fram að magn sorps sem berst öllum starfsstöðvum Sorpu hefur aukist verulega síðustu ár og misseri. Stærstur hluti rekstrarkostnaðar Sorpu er beintengdur magni.
- Frá árinu 2016 hefur verið unnið að því að koma upp grenndargámum í Garðabæ og eru í dag sjö grenndargámastöðvar í sveitarfélaginu. Með samræmingu úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu munu grenndargámastöðvar taka breytingum. Hefðbundnum grenndarstöðvum þar sem íbúar geta losað gler, málma, skilagjaldskyldar umbúðir og textíl og svo stærri grenndarstöðvar þar sem íbúar geta jafnframt losað pappír/pappa og plast. Reikna þarf með aðlögun að nýju kerfi.
- Kostnaður vegna heilbrigðiseftirlits árið 2024 er áætlaður 17 m.kr.

Skipting kostnaðar vegna hreinlætismála 2024




Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Skipulags- og byggingarmál


Skipulags- og byggingarmál

- Heildarframlög til skipulags- og byggingarmála nema samtals 379 m.kr. sem er aukning um 7% frá árinu 2023.
- Gert er ráð fyrir að verja um 112 m.kr. til deiliskipulags, aðalskipulags og svæðisskipulags samanborið við 102 m.kr. árið 2021.
- Á árinu 2024 verður unnið að fjölbreyttum skipulagsverkefnum í sveitarfélaginu. Helstu verkefni varðandi aðalskipulag er endurskoðun 4. kafla aðalskipulags sem fjallar um samgöngur og þjónustukerfi, í samhengi við það verður mótuð hjólréiðastefna Garðabæjar.
- Deiliskipulag Arnarlands, þróunarsvæði Lyngáss og Hafnarfjarðarvegur, golfvallarsvæði GKG eru helstu verkefnin sem unnin verða á árinu 2024 ásamt endurskoðun á deiliskipulagi eldri hverfa.

Skipting kostnaðar vegna skipulags- og byggingarmála 2024




Stöðugildi



Skipulags- og byggingarmál 6 stöðugildi

Byggingarleyfi - nýbyggingar 2019-2024






Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Umferðar- og samgöngumál

Umferðar- og samgöngumál

- Fjárveiting til umferðar- og samgöngumála er áætluð 1.928 m.kr. árið 2024 sem er um 147 m.kr. hækkun að ræða eða 8.2%. Undir málaflokkinn fellur viðhald gatna- og göngustígakerfis bæjarins, snjómokstur og götulýsing auk fjárframlags til reksturs Strætó bs. Viðhald gatna, stíga og gangstétta er hækkað úr 93 m.kr. í 107 m.kr., gatnahreinsun hækkar úr 41 m.kr. í 47,7 m.kr. og framlög til Strætó bs. hækka úr 477m.kr. í 498 m.kr. eða um 4,5%.
- Unnið hefur verið að því að styrkja innviði fyrir fjölbreytta ferðamáta með það að markmiði að auka hlutdeild vistvænna samgangna. Frá árinu 2018 hefur verið unnið að fjölgun á strætóskýlum í Garðabæ og eru fjárveitingar á framkvæmdayfirliti að fjárhæð 15 m.kr. á árinu 2024. Einnig hefur verið unnið að því að bæta hjólaaðstöðu og verður áfram unnið að því verkefni þar sem horft verður til hjólréiðastefnu sem er í mótun.

Skipting kostnaðar umferða- og samgöngumála 2024



- Áætlað er að verja 177 m.kr. til snjómoksturs og hálkueyðingar sem er lækkun frá því í fyrra en síðastliðinn vetur var mjög snjóþungur. Til götulýsingar er áætlað að verja 45 m.kr. LED-ljósavæðing götulýsingar kemur til með að lækka rekstrarkostnað verulega þegar fram líða stundir.
- Á árinu 2024 greiðir Garðabær 95 m.kr. til Betri samgangna ohf. vegna uppbyggingar samgönguinnviða á höfuðborgarsvæðinu.




Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Fjármála- og stjórnsýslusvið

Sameiginlegur kostnaður

- Gert er ráð fyrir að sameiginlegur kostnaður verði 922 m.kr. á árinu 2024 en var 894 m.kr. árið 2023. Hækkunin nemur 3%.
- Meginhluti kostnaðar til þessa málaflokks er vegna starfsemi bæjarskrifstofa 533 m.kr., bæjarstjórnar og bæjarráðs 96 m.kr. og innheimtukostnaðar ríkisins vegna staðgreiðslu útsvars 88 m.kr.
- Kostnaður vegna tölvumála er 397 m.kr. sem er tæplega 13% hækkun milli ára. Kostnaðurinn er allur gjaldfærður hjá stofnunum bæjarins í hlutfalli við fjölda tölvu á hverjum stað og fjölda stöðugilda. Vaxandi áherslur eru lagðar á netöryggismál og að tryggja persónuvernd í stjórnsýslu bæjarins.
- Til verkefna á sviði stafrænnar þróunar er áætla að verja 25 m.kr..

Skipting sameiginlegs kostnaðar 2024



Stöðugildi fjármála- og stjórnsýslusviðs: 30



Sameiginlegur kostnaður
30 stöðugildi



Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Fjármagnskostnaður, fasteignausmsjón og þjónustumiðstöð

Fjármagnsliðir – fjármunatekjur - fjármagnsgjöld

- Fjármagnsgjöld eru áætluð 2.164 m.kr. Gert er ráð fyrir um 6,0% verðbólgu sem er til samræmis við spá Hagstofu frá síðastliðnum nóvember. Reynsla hefur sýnt að þjóðhagsspár hafa oftast reynst lægri en rauntölur. Afskriftir eru áætlaðar 1.745 m.kr. árið 2024 en voru áætlaðar 1.620 m.kr. árið 2023.

Eignasjóður

- Eignasjóður hefur umsjón og eftirlit með rekstri fasteigna bæjarins. Svokallaðar innri leigutekjur eru tekjufærðar hjá eignasjóð og gjaldfærð á rekstur málaflokka. Helstu útgjöld eru fasteignagjöld, öryggisgæsla, húsa- og brunatryggingar, afskriftir, launakostnaður vegna tveggja starfmannna eignasjóðs og viðhald húsa og lóða. Einnig eru verðbóta- og vaxtagjöld af langtímaskuldum og vaxtagjöld til eigin fyrirtækja færð á eignasjóð. Á málaflokk eignasjóðs er einnig færður varasjóður að fjárhæð 400 m.kr. til að mæta væntanlegum launahækkunum á næsta ári og ófyrirséðum útgjöldum. Þá er áætluð sala byggingarrétta að fjárhæð 1.560 m.kr. færð á eignasjóð.
- Tekjur eignasjóðs nema samtals 6.331 m.kr. og gjöld að meðtöldum afskriftum 2.467 m.kr.

- Fjárveiting til viðhalds stofnana í A og B sjóði er áætluð um 400 m.kr. á árinu 2024 en voru áætlaðar 368 m.kr. árið 2023. Umhverfisvið hefur lagt fram greinargóðar upplýsingar um viðhaldsáætlun fasteigna og viðhaldspörf næstu árin.

Þjónustumiðstöð

- Gert er ráð fyrir að til reksturs þjónustumiðstöðvar verði varið um 40 m.kr. að frádregnu framlagi stofnana bæjarins vegna vinnu fyrir þær en sú vinna er seld út skv. tímaskrift útseldrar vinnu. Til reksturs þjónustumiðstöðvar telst einnig rekstur á bílum og tækjum. Um 10 m.kr. af búnaðarkaupalið framkvæmdaáætlunar hefur á undanförunum árum verið varið til endurnýjunar á bílum og tækjum.

Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Rekstrareiningar í B hluta

Garðahús

- Heildarútgjöld vegna Garðahúsa eða félagsíbúða eru áætluð 34,4 m.kr. árið 2024 en voru 52 m.kr. árið 2023 sem gerir lækkun um 17,7 m.kr. Unnið hefur verið að endurskoðun húsaleigu með tilliti til samræmingar miðað við gerð og stærð húsnæðis. Á framkvæmdayfirliti er gert ráð fyrir að verja um 200 m.kr. á ári til kaupa á félagsíbúðum tímabilið 2024-2027, samtals 800 m.kr.

Samveitur

- Jákvæð niðurstaða samveitna er áætluð 361 m.kr. Fjögur stöðugildi sinna störfum fyrir Samveitur. Miklar framkvæmdir eru fyrirhugaðar á næstu árum vegna vatns- og fráveitumála. Á framkvæmdayfirliti er gert ráð fyrir 3.100 m.kr. framkvæmdum vegna veitna á næstu 4 árum.

Rekstur fasteignarinnar Strikið 3

- Garðabær fær leigutekjur frá ríkinu vegna fasteignarinnar Strikið 3 (Ísafold) sem eiga að standa straum af byggingarkostnaði hjúkrunarheimilisins sem bærinn fjármagnaði á sínum tíma. Helstu kostnaðarliðir eru almennur rekstrarkostnaður fasteignarinnar, framlag til Hrafnistu skv. samkomulagi og fjármagnsgjöld.

Efnisyfirlit

Fjárhagsáætlun
í hnotskurn

Forsendur
áætlunar

Fjárhagsáætlun

Málaflokkayfirlit

Framkvæmdir



GARÐABÆR



Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Framkvæmdir 2024

Framkvæmdir

Á árinu 2024 er gert ráð fyrir að verja 4.997 m.kr. til framkvæmda.


Nýframkvæmdir, skólabyggingar

Áætlað er verja 875 m.kr. í annan áfanga byggingar Urriðaholtsskóla og 750 m.kr. í 3 áfanga Urriðaholtsskóla, íþróttahús og sundlaug. Jafnframt er áætlað að verja 750 m.kr. til endurbóta á skólum og skólalóðum.

Endurbætur húsnæðis og lóða

Varið verður 940 m.kr. í viðhald og endurbætur húsnæðis bæjarins. Þar af verður 750 m.kr. varið í skóla og skólalóðir, 130 m.kr. í íþróttamannvirki og 60 m.kr. í miðbæ Garðabæjar.

Fyrirhugaðar framkvæmdir 2024



- Nýframkvæmdir og viðbætur
- Samgöngur og umhverfi
- Samveitur
- Byggðasamlög
- Endurbætur húsnæðis og lóða
- Búnaður
- Félagsíbúðir

Sjálfbærni og öryggi

Áætlað er að verja 800 m.kr. í veituverkefni sveitarfélagsins til þess að bæta skilyrði vatns- og fráveita árið 2024.

Velferðarþjónusta

Til velferðarmála er áætlað að verja 45 m.kr. til stofnframlaga leiguíbúða. 15 m.kr. í bætt aðgengi fyrir fatlaða, 200 m.kr. í félagsíbúðir og 125 m.kr. í félagsmiðstöðvar eldri borgara.

Fjárhagsáætlun Garðabæjar

Framkvæmdir 2025-2027

Framkvæmdir í þriggja ára áætlun 2025-2027


Alls er áætlað að framkvæmt verði fyrir 15.460 m.kr. á árunum 2025-2027.

Framkvæmdir verða fjármagnaðar úr rekstri og með lántöku.

Helstu nýframkvæmdir árin 2025-2027 verða á sviði skólamála, á Álftanesi, í Hnoðraholti og í Ásahverfi/Sjálandi. Þá er gert ráð fyrir stækkun Tónlistarskólans.

- Nýframkvæmdir og viðbætur 8.695 m.kr.
- Endurbætur húsnæðis og lóða 1.700 m.kr.
- Samgöngur og umhverfi 905 m.kr.
- Búnaður 600 m.kr.
- Samveitur 2.300 m.kr.
- Félagsíbúðir 600 m. kr.
- Byggðasamlög 660 m.kr.

Áætlaðar fjárfestingar 2025-2027





GARÐABÆR